

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Brekkugötu 37-38.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 18. nóvember 2008 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Baldurshaga, Brekkugötu 37-38. Breytingin felst í að byggingarreitur fyrir fjölbýlishús F1 stækkar úr 713 m<sup>2</sup> í 725,3 m<sup>2</sup> þannig að á vesturhlíð verði 12,3 m<sup>2</sup> útskot fyrir garðskála neðstu hæðar. Hámarkshæð verður 2,6 m.

*Deiliskipulag KA svæðisins, Lundarskóla og Lundarsels.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 18. nóvember 2008 í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt deiliskipulag KA svæðisins, Lundarskóla og Lundarsels. Skipulagssvæðið afmarkast af Þingvallastræti, Dalsbraut, lóðarmörkum við Heiðarlund og Hjallalund og lóðarmörkum við Hrisalund og Tjarnarlund. Gert er m.a. ráð fyrir knattspyrnuvelli og áhorfendastúku á lóð Knattspyrnufélags Akureyrar og á lóð Lundarskóla verður byggingareitur fyrir fjórða áfanga skólans.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 1. desember 2008,*

**Pétur Bolli Jóhannesson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 15. desember 2008